LISKA

BJART FRAMUNDAN

Liska skapar rými með náttúrulegu ljósi og raflýsingu í manngerðu umhverfi til að undirstrika arkitektúr, form og upplifun. Nálgun Lisku byggir á rannsóknum, nýsköpun, fagurfræði, verkfræði, líffræði og gildum norrænnar ljósvistarhönnunnar.

Liska er í grunninn raflagna- og lýsingarhönnunarfyrirtæki með yfir 30 ára víðtæka reynslu í lýsingar- og raflagnahönnun bygginga, gatna og svæða. Liska býður upp á persónulega þjónustu með heildstæðum lausnum þar sem mannleg nálgun er ávallt höfð að leiðarljósi. Hjá fyrirtækinu starfa starfsmenn með ólíkan bakgrunn en brennandi áhuga og metnað fyrir ljósvist. Bakgrunnur starfsmanna Lisku er úr arkitektúr, byggingaverkfræði, lýsingarhönnun, raflagnahönnun, rafmagnsverkfræði og tækniteiknun. Saman myndar Liska sterka heild með sérfræðikunnáttu á ýmsum sviðum.

Reynsla okkar nær meðal annars til verkefna fyrir heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir, hótel, heilsu og vellíðan, sundlaugar, landslag, ljóslistaverk, gatnalýsingu, söfn, kirkjur, íbúðarhúsnæði og svo mætti lengi áfram telja. Viðskiptavinir okkar eru jafn fjölbreyttir og vergefnin eru mörg og höfum við tekið að okkur verkefni fyrir ríki, sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga.

Við sækjum innblástur í breytilegt nærumhverfið. Íslensk náttúra spilar þar stóran þátt og hefur einstakur næturhiminn umhverfis Ísland mikil áhrif í okkar nálgun. Náttúrulegar uppákomur eins og skuggamyndun, endurkast, speglun og samspil lýsingar og litadýrðar íslenskrar náttúru eru ávallt ofarlega í okkar huga og veitir okkur innblástur í verkefnum.

Umhverfisáhrif skipta okkur miklu máli og höfum við það að leiðarljósi í ljósvistarhönnun, stórra sem smárra verkefna, að lágmarka neikvæð áhrif lýsingar á nærumhverfið sem og að stuðla að umhverfisvænum lausnum. Samspil náttúrulegar lýsingar, raflýsingar og ljósastýringa er lykillinn og í hverju verkefni höfum við það að leiðarljósi að skapa lokaafurð sem hefur fullkomið jafnvægi milli hagnýtrar lýsingar og skapandi hönnunar.

Liska er undir áhrifum norrænnar ljósvistarhönnunar. Sérstaðan norrænnar ljósvistarhönnunar byggir á því hvernig við upplifum sólarljósið og hlýleika þess á annan hátt en til dæmis fólk í Mið- og Suður-Evrópu og yfirfærum þá upplifun í okkar hönnun. Hugmyndafræði norrænnar lýsingarhönnunar byggir að miklu leyti á hugtakinu „Human Centric“ eða „mannleg nálgun“ sem er einn aðalþátturinn í henni. Mismunandi þættir svo sem virðing fyrir skandinavískri arfleifð og heildstæð nálgun sem tekur mið af vistfræði, sjálfbærni og skynjun rýmis gegna þar mikilvægu hlutverki með samspili fagurfræði og notagildis. Góð ljósvist er virðisauki sem bætir lífið með samspili arkitektúrs og rými og nær fram fullkomnu jafnvægi milli notagildis, fagurfræði og sjálfbærni.

LJÓSVIST

RAFKERFI
& STÝRINGAR

DAGSBIRTU-
GREININGAR





VERKEFNA-
STJÓRNUN &
EFTIRLIT



BIM

NÝJUSTU VIÐURKENNINGAR

Íslensku lýsingarverðlaunin 2020 - (Sigurvegari)
Lýsing í innanhúshönnun: The Retreat, Bláa Lónið

Íslensku lýsingarverðlaunin 2020 - (Sigurvegari)
Lampi: Sole Luna - The Retreat, Bláa Lónið

German Design Awards 2020 - (Sigurvegari)
Lýsing í innanhúshönnun: The Retreat, Bláa Lónið

Norrænu lýsingarverðlaunin 2020 - (Tilnefning)
The Retreat, Bláa Lónið

[d]arc Awards 2019 - (Tilnefning)
Places- High Budget: The Retreat, Bláa Lónið

BUILD 2019 - (Sigurvegari)
Besta lýsingarhönnunarstofa Íslands

Lux Life 2019 - (Sigurvegari)
Besta lýsingarhönnunarstofa Íslands

Illumination Engineering Society of North America (IESNA) 2019 - (Sigurvegari)
Illumination Award of Merit for its meritorius contribution to Lighting Design: The Retreat at Blue Lagoon, Grindavík, Iceland

Norrænu lýsingarverðlaunin 2018 - (Tilnefning)
Lava Center, Hvolsvelli

Íslensku lýsingarverðlaunin 2018 - (Sigurvegari)
Lýsing í innanhúshönnun – Lava Center, Hvolsvelli

Lux Designer awards 2018 - (Sigurvegari)
Besta lýsingarhönnunarstofa Íslands

Grapevine Design awards 2018 - (Sigurvegari)
Upplifunarverkefni ársins: Lava Center

ÍSLENSKU LÝSINGARVERÐLAUNIN
ICELANDIC LIGHTING DESIGN AWARDS
2020

GERMAN DESIGN AWARD WINNER 2020

DESIGN AWARD 2020

Architizer
A+AWARDS
2019 WINNER

[d]arc awards
CELEBRATING THE BEST IN LIGHTING DESIGN
SHORTLISTED

BUILD Architecture Awards

www.liska.is

VALIN VERKEFNI

Almenningsgarðar, torg og svæði
Vigtartorg í Vestmannaeyjum, IS
Nýlendugata, Reykjavík, IS
Naustatorg, Reykjavik, IS
Akratorg á Akranesi, IS
Austurbakki hafnarfrontur Reykjavík, IS
Norðurbakki hafnarfrontur, Hafnarfirði, IS
Ráðhústorgið í Vestmannaeyjum, IS
Endurnýjun torga í Mjóddinni, IS
Flataskóli leikvöllur, Garðabæ, IS
Reykjastræti verslunargata, IS
Laugavegur göngugata frumhönnun, IS
Bryggjuhverfi, almenningsgarður og leikvöllur, IS
Klambratún, Reykjavík, IS
Norræna húsið, Reykjavík, IS
Lýðsveldisgarðurinn, Reykjavík, IS

Heilbrigðisstofnanir
Hjúkrunarheimilið Árborg, IS
NLSH Nýr Meðferðarkjarni, forhönnun, IS
Askim Hospital, NO
Bláa Lónið heilsulind, IS

Hótel, heilsa og vellíðan
Mathöllin Hafnartorgi, IS
The Retreat at the Blue Lagoon, IS
Miðhraun, Snæfellsnes, IS
Ölgerðin Bjórstofa, IS
Fosshotel Reykholt, IS
Fosshotel Mývatn, IS
UMI Hotel, IS
Sundlaug Reykjavíkur, IS
Guðlaug Sea Baths, IS
Bláa Lónið, IS
Hofsós sundlaug, IS

Íbúðarhúsnæði
Smáraflöt 22, IS
Kjarnholt, Árborg, IS
Kinnagata 44-80, Garðabær, IS
Urriðaholtsstræti 44-74, Garðabær, IS
Brynjureitur, Reykjavík, IS

Ljóslist, upplifunar- og safnalýsing
Mjóddin ljósaskúltpúr, IS
Mjóddin, Erró ljóslistaverk, IS
Hönnunarmiðstöð Íslands, IS
Lava Center, IS
Fjöðrin Breiðholti, Ljóslistarverk, IS

Menntastofnanir
Kleppsvegur Leikskóli, Reykjavík, IS
Leikskóli Safamýri, Reykjavík, IS
Brekkubæjarskóli Akranesi, IS
Veröld Stofnun Vígdísar FInnbogadóttur, IS
Háskólinn í Reykjavík, IS
Ingunnarskóli, IS
Sæmundarskóli, IS

Opinberar byggingar
Fangelsið á Hólmsheiði, IS
Snæfellsstofa, Vatnajökulsþjóðgarði, IS
Þekjan Ungmennamiðstöð, Akranesi, IS
Krikjubæjarklaustur Gestastofa, IS
Harpa, útilýsing og bílastæðahús, IS
Akraneskirkja, IS
Sundlaug Akraness, IS
Ísafjarðarkirkja, IS

Skrifstofur og vinnustofur
Rue de net, Suðurlandsbraut 4, IS
Skútuvogur 2, Reginn og Arctic Adventure, IS
Borgartún 21, Menntasjóður Námsmanna, IS
Ráðhúsið Vestmannaeyjum, IS
Fiskiðjan, Vestmannaeyjar, IS
Heinaberg vinnustofa, Snæfellsnes, IS
Marel, Garðabær, IS
Hlíðasmári 12, IS
Verkís, Ofanleiti 2, IS
Landslag, Skólavörðustíg 11, IS
Batteríið, Hvaleyrarbraut 32, IS

Sveitarfélög
Ljósvistarstefna Reykjavíkurborgar, IS
Ölfusárbrú, Árborg, IS
Stefnumótun fyrir skiltalýsingu í Reykjavík, IS
Stefnumótun fyrir skiltalýsingu í Kópavogi, IS
Götu- og stígalýsing fyrir ýmis sveitarfélög, IS
Götulýsing fyrir Vegagerðina, IS

Verslanir
BIO Effect Hafnartorgi, Reykjavík, IS
Toyota Kauptúni, IS
Bláa Lónið, IS
Krónuverslanir, IS
BYKO verslanir, IS

AFHVERJU LJÓSVISTARHÖNNUN?

LJÓSVISTARHÖNNUÐUR GETUR GERT ÞÍNA SÝN AÐ VERULEIKA

Ljósvistarhönnuðir nýta reynslu, hæfileika og sérfræðikunnáttu til að tryggja að verkefni uppfylli kröfur, staðla og reglugerðir auk þess að fylgja eftir kostnaðaráætlun. Með því að vera hluti að verkefninu frá upphafi getur ljósvistarhönnuðurinn leitt verkefnið frá fyrstu hugmyndavinnu í gegnum byggingu verkefnis og seinna notkun þess með ávinningum sem gæði lýsingarhönnunar skilar að leiðarljósi. Vel unnin ljósvistarhönnun stuðlar að því að undirstrika sjónræn gildi og gæði rýmisins, aðdráttarafl byggingarlistarinnar, orkunýtni, sjálfbærni í umhverfinu og öryggi.

Sérfræðingur í ljósvistarhönnun:

- Mætir þörfum fólksins sem kemur til með að nota rýmið.
- Velur vörur í samræmi við kostnað og orkunýtingu sem eru hvað mest viðeigandi í hverju verkefni fyrir sig.
- Skapar nýjungagjarnar lausnir á lýsingu sem stuðlar að hinu fullkomna jafnvægi milli notagildis og fagurfræði.
- Leysir einstakar áskoranir lýsingar í fjölbreyttu rýmum og svæðum bæði innan- og utanhúss.
- Styrkir og eykur rými með skapandi en á sama tíma nytsamlegri ljósvistarhönnun.

Þegar unnið er með lýsingarhönnuði í verkefni þá græða arkitektar og viðskiptavinir á hæfileikum hönnuðarins til að skapa rýmið, búa til ákveðna dýnamík, auka vellíðan og afhjúpa form og áferðir verkefnisins.

LJÓSVISTARHÖNNUÐIR GERA RÁÐ FYRIR KOSTNAÐI TIL LENGRI TÍMA

Þátttaka ljósvistarhönnuðar í verkefni gerir það að verkum að hugsað er fyrir langtíma kostnaðaráætlun varðar tækni, framkvæmdir og fagurfræði.

KOSTNAÐARSTÝRING Í VALI TÆKJABÚNAÐAR

Ljósvistarhönnuður mun annað hvort hanna lausn sem mætir þeirri fjárhagsáætlun sem lagt hefur verið upp með, eða koma að því að leggja upp fjárhagsáætlunina til að byrja með. Ljósvistarhönnuðurinn mun velja tækni frá nokkrum framleiðendum til þess að halda samkeppni í hámarki og/eða mæla með tækjabúnaði eða aðferðum sem mun lækka kostnað. Þar sem ljósvistarhönnuðurinn er ekki sá sem framleiðir, selur eða setur upp búnaðinn mun hans eða hennar þátttaka í verkefninu einungis hvetja til samkeppni og þar með tryggja besta verðið.

KOSTNAÐARSTÝRING FYRIR REKSTUR BÚNAÐAR

Aðferðir til að stýra og halda niðri kostnaði til lengri tíma eru líklegar til að vera mikilvægar fyrir viðskiptavininn og/eða eigandann. Greining lýsingarhönnuðarins á líftíma verkefnisins mun sýna fram á kosti þess að fjárfesta í ákveðinni tækni og tækjabúnaði. Það er til fjöldinn allur af aðferðum sem hönnuðir notast við til að stuðla að lækkun

kostnaðar sem verður verkefninu til hags, sem dæmi má nefna:

FORÐAST YFIRLÝSINGU
Í sumum tilfellum getur kostnaður minnkað einfaldlega með því að yfirlýsa ekki rými. Yfirlýsing er algeng þegar rýmið er ekki lesið rétt eða þegar stöðlum eða leiðbeiningum er fylgt um og of þegar kandelur eru mældar, þ.e. lýsingin sem þú sérð.

AÐ BÆTA ENDURVARP OG NÝTA DAGSBIRTU
Að bæta endurkastsstuðul (e. reflectance) yfirborðsflata getur hjálpað til við að lækka kostnað á lýsingu. Einnig er hagstætt að innleiða dagsbirtu og stýra henni þannig að hún vinni með rafmagns lýsingunni.

ÁHRIF LÝSINGAR Á FÓLK
Gæði lýsingar hefur mikil áhrif á fólk og þeirra hegðun. Nýjar rannsóknir sýna fram á að lýsing hefur töluverð áhrif á afköst á vinnustöðum, aðdráttarafl fólks að verslunargötum eftir lokun á kvöldin og fleira. Lýsingarhönnuðir eru sérstaklega meðvitaðir um þessi vandamál sem og þá tækni sem mælt er með til að draga úr vandamálunum.

FAGURFRÆÐILEGUR KOSTNAÐUR
Tæknileg þekking er færni sem hægt er að læra en hæfileikar og auga fyrir sköpun ekki. Verðmæti góðrar, og frumlegrar hönnunar er erfitt að meta og það veltur oft á tíðum á mati fólksins sem kemur til með að nota rýmið. Hins vegar er munurinn á vinnu ljósvistarhönnuðar og aðila sem hefur ekki sömu þekkingu er oft mjög augljós og er hægt að meta vinnuna og afraksturinn bæði á fagurfræði en einnig líftíma og gæðum ljóssins.

AFHVERJU ÆTTIR ÞÚ AÐ RÁÐA LJÓSVISTARHÖNNUÐ?
Með því að innleiða ljósvist inn í heildar nálgun hönnunar getur ljósvistarhönnuður hjálpað við að ná fram fullkomnu jafnvægi milli annars vegar fagurfræði og virkni og hins vegar nýtni og nýsköpun. Ljósvistarhönnuðir skilja hlutverk lýsingar í arkitektúr og notfæra sér reynslu og sérþekkingu á lýsingarbúnaði og kerfum til að styrkja hönnun.

Hjá Lisku er að finna sérfræðinga með víðtæka þekkingu í ljósvistar- og raflagnahönnun. Liska er margverðlaunað fyrir verkefnin sín bæði á íslenskum og erlendum markaði og tilheyra starfsmenn Lisku meðal annars samfélag IALD sem krefst mikillar sérþekkingar og stöðugrar endurmenntunar

(Text: 31st Annual IALD International Lighting Design Awards)

www.liska.is

HVAÐ ER LJÓSVIST?

Ljósvist tengir saman arkitektúr, verkfræði og líffræði og er hugtakið ljósvist samansafn ýmissa þátta sem snúa að lýsingu s.s. dagsljós, raflýsing, litarhitastig, litarendurgjöf, flökt, styrkur, jafnleiki, geislun, ljómi, glýja, ljósmengun, orka og fleira. Allir þessir þættir til samans ná yfir hugtakið “ljósvist” og lýsa sjónskilyrðum og þeirri upplifun sem rýmið veitir.

Arkitektúr - Fagurfræðileg áhrif ljóss eru mikilvæg í arkítektur og hönnun þar sem ljós getur undirstrikað form og rýmistilfinningu.

Verkfræði - Manngert ljós er tæknilegur sigur hönnunar og nýsköpunar sem tekið hefur ótrúlegum framförum frá því að fyrsta ljósaperan varð að veruleika. Notkun okkar á ljósi sífellt að breytast vegna nýrrar þekkingar og tækniþróunnar.

Líffræði - Ljós, hvort sem það er manngert eða náttúrulegt, hefur mikil áhrif á lífverur. Fyrir okkur mannfólkið hefur ljós meðal annars áhrif á líkamsklukkuna, einbeitingu okkar og afköst, skap, svefn, heilsu og almenna vellíðan.

“Að skilgreina lýsingu aðeins sem birtu jafngildir því að skilgreina tónlist bara sem hljóðstyrk. Slík skilgreining gæti verið nauðsynleg á hönnunarstigi en miðað við upplifun er það algjörlega óviðeigandi. Grundvallar tilgangur lýsingar er að skila upplýsingum, ekki afli.”

“Describing lighting only in terms of illuminance is equivalent to describing music in terms of sound pressure level. Such specification might be necessary during the design process, but as a description of the experience, it is woefully inadequate. The fundamental purpose of lighting is to convey information not power.”

John Mardaljevic, 2018
Daylighting buildings: Standards and the needs of the designer

www.liska.is

Teymið

Erling Þorgrímsson
Ljósvistarhönnuður

Sérsvið: Ljósvist og stýringar

Guðjón L. Sigurðsson
Ljósvistarhönnuður IALD

Sérsvið: Ljósvist, raflagnahönnun og verkefnastjórnun.

Reynir Örn Jóhannesson
Ljósvistarhönnuður

Sérsvið: Ljósvist og tækniteiknun

Sólveig Lísa Tryggvadóttir
Arkitekt FAÍ

Sérsvið: Ljósvist og rannsóknarvinna

Steinunn Harpa Einarsdóttir
Tækniteiknari

Sérsvið: Tækniteiknun, BIM og lýsingarútreikningar

Þorvarður G. Hjaltason
Rafmagns- og rekstrariðnfræðingur

Sérsvið: Verkefnastjórnun, rekstur og raflagnahönnun

Örn Erlendsson
Byggingarverkfræðingur, M.Sc.

Sérsvið: Dagsbirtugreiningar, BIM, renderingar og hönnun

LISKA

www.liska.is
s: 416 0600
t: liska@liska.is

Ármúli 24
108 Reykjavík